

Fjallskilaákvæði

100

fyrir Vesturskaptafellssýslu.

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, er hjer með staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Fjallskilaákvæði

til bráðabyrgðar fyrir Vesturskaptafellssýslu um sauðfjármörk, sem eru samin af sýslunefndinni þar og skulu ákvæði þessi öðlast gildi 1. septbr. 1897.

Almenna markaskrá fyrir sýsluna skal semja 10. hvert ár. Fyrir prentun marks í skránni greiði hver markeigandi í sýslusjóð 50 aura í hvert sinn. Nú vill einhver taka upp nýtt sauðfjármörk og skal hann þá tilkynna það fyrir 20. júní oddvita hreppsnefndar, en oddvitarnir senda til sýslumanns skrá yfir nýupptekin mörk fyrir júlilok og birtir hann þau í opinberu blaði. — Fyrir mörk, er þannig eru tekin upp, skal greiða 1 kr., og sama er um þá, er flytja nýtt mörk inn í sýsluna. Eigi má í sýslunni marka sauðfje undir önnur mörk, en þau, er þannig eru auglýst, er hjer segir. — Brot gegn þessu varða sektum, allt að 50 kr. til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, og skal farið með þau mál, sem opber lögreglumál.

Amtsráð Suðuramtsins. Reykjavík, 24. júní 1897.

J. Havsteen.

Reglugjörð

101

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar.

I. Kafi.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafjelag, sem sýslunefndin skiptir í deildir eptir því, sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefir sýslunefndin á hendi samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, en hreppsnefndir hafa á hendi alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum innbyrðis í deildunum.

2. gr.

Nú eru 2 eða fleiri hreppar sameinaðir í eina deild, og hefir þá hver hreppsnefnd tjeð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eptir því sem reglugjörð þessi mælir fyrir.

- 101** Deildarskipun þessari má sýslunefnd breyta, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir koma sjer saman um það.

3. gr.

Hver hreppsnefnd velur 1 mann úr sínum flokki til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamála í hreppnum, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrjett í hvert sinn, sem þar er rjettað.

4. gr.

Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvern afrjett, sem hún á yfir að segja eður fleiri, eptir því sem afrjettir eru viðlendir. Enginn getur skorazt undan að vera gangnaforingi 3 ár í senn, nema hann sanni, að hann sje ófær til þess sökum heilsuleysis.

Gangnaforingjum skal falin umsjón aukarjetta, nema ef hentugra þykir að útnefna til þess ábúanda þeirrar jarðar, sem rjettin tilheyrir.

5. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerstaka fjallskilabók staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Skrár þær og skýrslur, sem nefndar eru í 6, 11, 13, 24, 31, 38 og 42 gr. þessarar reglugjörðar skal rita í hana, einnig allar þær ákvarðanir, sem hreppsnefndin gjörir um fjallskilamálefni. Sýslunefndin getur heimtað ept-rrit af fjallskilabókinni, hvenær sem með þarf.

II. Kaffi.

Um afrjetti.

6. gr.

Allt land skiptist í afrjetti og heimalönd. Það skulu vera afrjettir, sem að fornu hafa verið. Svo getur og sýslunefndin ákveðið nýja afrjetti eptir til-lögum hreppsnefnda og með samþykki landeigenda. Heimilt er hreppsnefnd að skipa fyrir um, hve margt fje og stóðhross, eða frá hve mörgum búendum reka megi í hvern afrjett. Hreppsnefndin skal semja skrá yfir afrjetti hreppsins með tölu og ummerkjum, og er hún gildandi, þegar allir hlutaðeigandi afrjettareig-endur hafa samþykkt hana.

III. Kaffi.

Um smölun geldfjár á vorin.

7. gr.

Hreppsnefndir skipa fyrir um smölun geldfjár á vorin bæði í heimalönd-um og afrjettum hreppsins. Hver, sem jörð hefur til ábúðar, er skyldur að taka þátt í smöluninni, eptir því sem hreppsnefndin ákveður, og hvílir sú sama skylda á fjáreigendum með öll fjárskil að vorinu sem að hausti.

IV. Kafi.

101

Um rekstur geldfjár til afrjetta.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að geldfje og dilkar sje komið á afrjett 8 vikur af sumri nema ótið og gróðurleysi banni. Áður en lömb eru rekin á fjall, skal sitja þau heima ekki skemmra en 3 daga eptir fráfærur. Reka skal í miðjan afrjett, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið.

9. gr.

Umráðamaður afrjetta, eða hver sá, sem notar frian upprekstur á almenning, er skyldur að sjá um fyrirstöðu á öllu afrjettarfje að viðlögðum sektum.

10. gr.

Ef hreppsnefnd berst kvittur um það, að afrjettarfje gangi í heimalöndum manna, skal hún tafarlaust, ef henni lizt þess þörf, gefa út skipun um, að því sje smalað, og það rekið til afrjetta. Skal svo haga smölun og rekstri, að eigi verði mein að. Reka skal á þann afrjett eða afrjetti, sem hreppsnefnd ákveður.

11. gr.

Hver afrjettarbóndi skal skyldur til að gefa oddvita sinnar hreppsnefndar, í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, skýrslu um, hverjir noti afrjett hans það sumar, en hver, sem rekur á almenning, eða í fleiri enn einn afrjett, eða á frian upprekstur, tilkynni oddvita sinnar hreppsnefndar, hverja afrjetti hann notar ár hvert og fyrir hversu margt geldfje.

V. Kafi.

Um fjallskil.

12. gr.

Hver sem á, eða hefir til umráða 10 kindur á afrjetti, er skyldur að leggja til 1 mann í einar göngur á hverju hausti. En sá, sem á 20 kindur, 1 mann í tvennar göngur, og sá, sem á 30 kindur, 1 mann í þrennar göngur. Um tillög þeirra manna til fjallskila, sem fleira fje eiga á afrjetti, en nú var nefnt, fer eptir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður.

13. gr.

Hver hreppsnefnd skal gjöra áætlun um, hvað marga menn þarf til fjallskila á þá afrjetti, er hún á yfir að segja. En að teknu vortramtali fjáreigenda ár hvert, skal hún semja skrá yfir alla þá menn í hreppnum, sem fjallskil eiga að gjöra það ár, og hvað hverjum ber að leggja (sbr. 12. gr.) Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gjöra fjallskil í öðrum hreppi, en þeim, sem þeir eru búsettir í, og skal þá hreppsnefndin tafarlaust senda þeirri hreppsnefnd, sem

- 101** hlut á að máli, skýrslu um þessa menn, og um tölu þess fjár, sem þeir eiga á afþjetti, eptir því sem næst verður komizt.

14. gr.

Fjallskilastjóri kveður menn til fjallskila nægum tíma áður en fjallskil byrja. Skal hann taka fram, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust, hverjir eru gangnaforingjar á hverjum afþjetti o. s. frv.

15. gr.

Sá er gildur til fjallskila, sem er fullra 14 ára að aldri, enda sje hann eigi ófær til þeirra fyrir sakir elli, sjúkdóma, drykkjuskapar, klæðleysis, sjónleysis eða annara orsaka. Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamaður sannur að óhlýðni, hirduleysi eða einhverjum þeim handvömmum, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal það álitid, sem enginn hafi verið lagður til fjallskila í það sinn, og varðar það sektum.

16. gr.

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann hafa skipzt, eða leggur ógildan mann til fjallskila, og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum, og margfaldast þær, ef brotið er ítrekað.

17. gr.

Á hausti hverju skulu framfara þrenn fjallskil. Hin fyrstu á mánudaginn í 22. viku sumars, nema í Öngulstaða, Arnarnes, Svarfaðardals, Þóroddstaða og Hvanneyrarhreppum, sem byrja mega fjallskil viku fyr. Þó getur sýslunefndin sett aðra gangnadaga, ef nauðsyn krefur, og skal hún auglýsa þá með nægum fyrirvara. Því að eins skal gjöra fleiri fjallskil, að brýn nauðsyn krefji, svo sem að fje vanti af afþjettum venju framar, fjallskil hafi mistekizt sökum óveðurs og annars þesskonar.

18. gr.

Gangnaforingi skal jafnan vera sjálfur í göngunum nema lögmæt forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað að skipa fyrir hvernig þeim skal haga. Hann skipar fyrir um, hvað hver gangnamaður skal ganga hvern dag, sem göngurnar standa yfir. Er hver gangnamaður skyldur til að sýna honum fullkoma hlýðni, en ef út af því ber, má kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfnin sjeu rekin með reglu til rjetta, og komi þangað í tækan tíma. Þegar á rjett er komið, skulu þeir kveðja svo marga menn, sem með þarf til að gæta safnsins, þar til fjallskilastjóri er á rjett komin, eða sá, sem hann hefir þar til sett, og hefur tekið við því. Öll óhlýðni gegn skipunum gangnaforingja varðar sektum.

20. gr.

101

Ef fje festist í ógöngum, skal sá, er finnur það, tafarlaust skýra hlutað-eigandi gangnaforinga frá því, ef það er um fjallskilatíma, en afrjettarbónda að öðrum kosti. Er þeim skylt svo fljótt, sem unnt er, að gjöra tilraun að bjarga því. Kostnað þann, er slík björgun hefir í för með sjer, borgar eigandi, ef hann finnst, en annars hlutaðeigandi sveitarajóður.

VI. Kaffi.

Um hreinsun heimalanda.

21. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín jafnframt hverjum fjall-skilum, þó skal hreppsnefndin veita honum nægan styrk af gangnamönnum, ef viðlendi er mikið.

Fjársofn þau, er saman koma við hreinsun þessa, skal reka til rjetta þeirra, er þau heyra undir.

Einnig hefir hreppsnefnd vald til að skipa fyrir um almenna hreinsun heimalanda svo opt, sem þurfa þykir, eptir að fjallskilum er lokið.

22. gr.

Skyldir eru allir búendur að hirða fje það, sem finnst í heimalöndum eptir að fjallskilum er lokið, og reka það tafarlaust til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns bæfrá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kvöld sje komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka fjed bæja á milli. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, uns fært er að reka það.

Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum.

23. gr.

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi gjöra ákvörðun um hreinsun heimalanda. Skal það vera aðalregla, að þeir búendur, sem lönd eiga saman, hreinsi þau í sameininginu á svo stóru svæði, sem hreppsnefndin ákveður, og skal haga hreinsuninni þannig, sem hún skipar fyrir. Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, skulu þá hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði. Greini á um hreinsunina skal fylgja því, sem flest atkvæði eru fyrir.

VII. Kaffi.

Um rjettir og rjettun.

24. gr

Fjárrjettir skiptast í aðalrjettir og aukarjettir. Ákveður sýslunefndin eptir uppástungum hlutaðeigandi hreppsnefnda, hverjar rjettir skuli vera aðalrjettir og hverjar aukarjettir. Sýslunefndin semur skrá yfir allar fjárrjettir

- 101** sýslunnar eins aukarjettir sem aðalrjettir. Skal þar tekið fram, hverja afrjetti og heimalönd ganga skal að hverri rjett.

25. gr.

Það er skylda allra fjáreigenda að byggja fjárrjettir og viðhalda þeim í sameiningu svo sem þörf er á. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu, eptir því sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi á þeirri rjett, sem hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjett, og eins þó það gangi að tveim rjettum. Ef einhver vinnur eigi þá skylduvinnu að fjárrjettum, er á hann skiptist, eða vanrækir að hafa nægilegt dilkrúm, getur hreppsnefndin látið gjöra það á hans kostnað.

26. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum, og á annan hentugri stað, skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði hreppsbúa á næsta vorþingi.

Sje um það að gjöra að byggja aukarjett, eða færa hana úr stað, ræður atkvæði hreppsbúa málinu til lykta. En skuli ákvörðun gjöra um aðalrjett, skal leita samþykkis sýslunefndarinnar fyrir henni. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrjett, valdi það eigi skemmdum á túni eða engjum.

27. gr.

Fjallskilastjóri eða umsjónarmaður rjettar skal vera kominn til rjettar svo snemma sem þörf gjörist hvern rjettardag. Skipar hann fyrir um hvernig fjádrætti skal haga í rjettinni, og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starfa manna í rjettinni.

28. gr.

Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett og skal þar jafnan rjett að næsta dag á undan aðalrjett þeirri, sem hún heyrir undir. Skal úrtíningsfje úr aukarjettum rekið til aðalrjettar af mönnum, sem hreppsnefndin hefir útnefnt til þess. Fjallskilastjóri kveður hæfilega marga menn til að koma til aðalrjettar árdegis þann dag, sem úrtíningsfje er greitt sundur; þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjallskilastjóra. Enginn má reka burt úr rjett, fyr en úrtíningur er uppdreginn, nema fjallskilastjóri leyfi. Öll óhlýðni og þrjózka við fjallskilastjóra varðar sektum.

29. gr.

Jafnan skal draga sundur fje í aðalrjettum eptir markskrá, og í aukarjettum, þar sem þörf er á.

VIII. Kaffi.

Um hirðing fjár í utanhreppsrjettum.

30. gr.

Nokkru á undan fyrstu fjallskilum haust hvert skal fjallskilastjóri kveðja

svo marga menn sem með þarf, til að fara í þær rjettir, sem þurfa þykir, til að hirða þar fje hreppsbúa. Skulu þessir sendimenn taka fjeð og reka tafarlaust rjetta leið til þeirrar sveitar, sem það á að ganga. Sjeu rjettir enn eigi afgengnar, þá er með fjeð er komið í sveitina, skulu sendimenn fylgja því alla leið til rjettar, og afhenda það fjallskilastjóra; annarskostar gengur það sem aðrir fjárrekstrar. Svo skal álíta sem hver sendimaður hafi farið í einar eða fleiri göngur, eptir því sem fjallskilastjóri tiltekur.

101

IX. Kaffi.

Um meðferð óskilafjár.

31. gr.

Það fje, sem kemur fyrir á haustin og ekki finnst eigandi að, skal ganga til fjallskilastjóra, og hirðir hann það sem sitt eigið fje til hreppaskila; þar skal það selt við uppboð, þó með því skilyrði, að, ef eigandi fjársins spyrst upp innan mánaðar frá söludegi, sje honum heimilt að fá eign sína, ef hann borgar allan áfallinn kostnað.

Því fje, sem þannig er selt, skal fjallskilastjóri lýsa með mörkum, lit, aldri og einkennum, í næsta prentaða blaði, þegar eptir að uppboðið hefir farið fram.

Hafi enginn leitt sig eiganda að fjenu að missiri liðnu frá því auglýsingin um það kom út í blaðinu, fellur verð þess í sveitarsjóð að frádregnum kostnaði.

Með afeyrðar kindur, eða með skemmdum mörkum, skal farið sem eigandalaust fje. Um ómerkinga fer eins og í lögum er fyrirmælt, eða venja er til á hverjum stað.

32. gr.

Í hreppi hverjum skulu 3 menn útnefndir af sýslumanni dæma um mörk á óskilafje því, sem selt er á hausthreppaskilum. Nú ætlar einhver, að hann eigi kind, sem þannig er seld, ómörkuð, með óglöggu marki, eða með skemmdum eyrum, skal þá dómnefndin úrskurða um eignarrjett hans á kindinni. Vilji hann ekki hlíta þeim úrskurði, getur hann skotið honum til dómstólanna.

33. gr.

Gæzlukaup fyrir kindur þær, sem ekki spyrjast upp í þriðju fjallskilum má ekki yfirstiga 3 auru um sólarhringinn, og borgist það út í hönd, þegar eigendur vitja fjársins, eða það er selt, annars er gæzlumaður ekki skyldur að sleppa því.

X. Kafi.

Um eptirleitir.

34. gr.

Viku eptir að fjallskilum er lokið, skal hreppsnefnd og umráðamönnum afrjetta skylt að láta gjöra eptirleit á afrjetti hreppsins. Þegar þessari eptirleit er lokið, skal hverjum heimilt að gjöra enn eptirleit á hvern þann afrjett eður fjöll við heimalönd, sem hann vill, ef afrjettarbóndi leyfir.

35. gr.

Nú finnur hann fje í eptirleit, og sje það eigi áður heimt, skal hann þá fá tvo óvilhalla menn til að vigta það. Hafa þá eigendur fjársins rjett til að innleysa það, móti því að þeir greiði finnanda í fundarlaun 2 aura fyrir hvert pund í lifandi þunga kindanna. Fyrir óheimt fje, sem finnst í heimalöndum, skal engin fundarlaun greiða.

XI. Kafi.

Um fjármörk.

36. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt með glöggu marki á eyrum, en ef það er soramarkað, þá brennimerkja á hornum; einnig skal almennt brennimerkja sauðfje með hrepps Brennimerki.

37. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita í eina skrá og skal prenta hana og útbýta í sýslunni svo víða, sem sýslunefndin álitur nægilegt. Nú vill einhver taka upp nýtt fjármark, eða breyta sínu eldra marki eða flytur inn í sýsluna, skal hann auglýsa mark sitt hreppsnefndinni í tæka tíð. Þeir, sem vanrækja að láta prena mark sitt í markaskrá sýslunnar í hvert skipti, mega búast við, að með fje þeirra verði farið sem með óskilafje.

XII. Kafi.

Um stóðhross og graðneyti.

38. gr.

Hver, sem á stóðhross eða tryppi, er skyldur til að reka þau á afrjett ekki síðar en 8 vikur af sumri, nema ótíð og gróðurleysi banni, og varðar sektum, ef út af er brugðið. Eigandi eða umráðamaður afrjetta, sem hefir tryppi á þeim, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu að viðlögðum sektum. Hann skal og senda hreppsnefndinni, áður en 10 vikur eru af sumri, lýsing af öllum þeim tryppum, sem hann hefir undir höndum, með mörkum, lit, aldri og einkennum.

39. gr.

101

Nú ganga tryppi samt á sumrum úr afrjetti og í heimalönd manna, geta þá þeir, sem fyrir ágangi verða, kært það fyrir hlutadeigandi hreppsnefnd, skal hún þá skipa fyrir um smölun tryppanna og rekstur þeirra til afrjetta á kostnað afrjettareiganda. Svo skal haga smölun og rekstri tryppa, að eigi verði mein að. Vanræksla í þessum efnum varðar sektum.

40. gr.

Ef tryppi koma fyrir í heimalöndum á vorin eða sumrin, sem ekki finnst eigandi að, skal þá farið með þau sem annað óskilafje.

41. gr.

Þeir, sem eiga frian upprekstur á afrjetti, borgi sanngjarnan fyrirstöðutoll til þess, sem fyrirstöðuna hefir á hendi.

42. gr.

Hrossaeigendur eru skyldir til að marka öll hross sín á eyrum. Hreppsnefndin skal rita öll hrossamörk hreppsþúa sinna í gjörðabók þá, sem getið er um í 5. gr. þessarar reglugjörðar.

43. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gjöra ráðstöfun fyrir því, að stóðhrossum sje smalað af afrjettum og heimalöndum áður en fjallskilum er lokið, og dregin sundur í rjettum.

44. gr.

Öll óskilahross og tryppi, sem eptir verða við rjettun hrossanna og koma fyrir af fjallöndum eða í byggðum að vetrinum eptir rjettir, skulu meðhöndlast að öllu leyti sem fyrir er mælt um óskilafje í reglugjörð þessari, nema hrossin skulu seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag. Nú þarf að hafa hrossin í vöktun, og má þá vöktunarkaup hvers hross fyrir sig ekki yfirstíga 10 aura um sólarhring hvern, nema hafa þurfi það í húsi og á heyji.

45. gr.

Hver sá, sem á graðneyti eldra en ársgamalt, skal skyldur til að hafa það á afrjetti frá fráfærum til fyrstu fjallskila ár hvert, nema hreppsnefnd og nábúar leyfi að öðruvísi sje. Brjóti nokkur móti þessu, varðar það sektum, og skaðabótum, ef mein hlýst af.

XIII. Kafi um melrakkaveiðar.

46. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi er skyld til að eyða melrökkum í afrjettum og heimalöndum sveitarinnar á allan hátt, svo sem með því, að láta

- 101** vandlega leita grenja á hverju vori, að fá skotmenn til að vinna melrakka þá, er þar hafast við og hvolpa þeirra, og með því, að láta bera út eitrad agn fyrir melrakka á hverju ári, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem með þarf. Alla aðalframkvæmd og umsjá þessa starfa hefir einn maður á hendi í hverri hreppsnefnd og nefnist hann melrakkaveiðastjóri.

47. gr.

Hreppsnefndin skal skipta allri landeign hreppsins, bæði heimalöndum og afrjettum í hæfilega margar og stórar melrakkaleitir, og ritar melrakkaveiðastjóri skrá yfir þær með tölu og ummerkjum í melrakkabókina. Þar skal telja upp öll þau greni, sem menn þekkja að sjeu í landeign hreppsins, og í hverri melrakkaleit sjer í lagi, með stuttri lýsing á hverju greni og afstöðu þess. Finnist síðar ný greni, skal þess nákvæmlega getið í melrakkabókinni. Áætlun skal nefndin gjöra um það, hve marga menn þarf í leit hverja og skal rita hana í melrakkabókina.

48. gr.

Hreppsnefndin útnefnir svo margar melrakkaskyttur fyrir hreppinn, sem hún álitur að þurfi, og skal rita nöfn þeirra og heimili í melrakkabókina. Skyldur er hver innanhreppsmaður, sem hreppsnefndin útnefnir fyrir melrakkaskyttu, að hafa þann starfa á hendi í 3 ár í senn. Skal melrakkastjóri aðvara hvern þeirra í tækan tíma, að vera viðbúinn að fara á greni í þann tíma, sem von er til, að melrakkar haldi sig þar. Líta skal og melrakkastjóri eptir því, að þessir menn hafi byssur og skotfæri í góðu lagi. Einnig skal sjá um, að ungir menn, sem kunna að fara með byssu, sjeu einkum til þess fengnir, að liggja við greni með melrakkaskyttum, til að læra af þeim. Nú er eigi hæfilega menn að fá innanhrepps fyrir melrakkaskyttur, og er þá hreppsnefndinni heimilt að ráða utanhreppsmenn til þeirra starfa, ef kostur er á.

49. gr.

Á hverju vori skal hreppsnefndin nefna til einn leitarföngja fyrir hverja melrakkaleit og skipa fyrir um, hvað marga menn hver búandi í hreppnum skal leggja til að leita grenja á því vori, og í hverri leit. Þessa skipun færir melrakkastjóri þegar inn í melrakkabókina og ritar hverjum leitarföngja samstundis það, sem honum er þörf á að vita í þessu tilliti.

50. gr.

Þegar hreppsnefndin ákveður um grenjaleitir og hvað hver ábúandi í hreppnum á að leggja til þeirra, skal farið eptir fjenaðartölu hvers búanda, eptir því sem næst verður komið eða eptir síðasta framtali þeirra til búnaðarskýrslanna að lömbum viðbættum. Nú hafa einstakir menn, eða einstakir hreppar upprekstur í öðrum hrepp, en þeir eru búsettir í, og eru þeir þá skyldir til, að gjöra grenjaleit á þann afrjett, sem þeir reka í, og eptir þeim reglum, sem þar er fylgt. Tillög þeirra til grenjaleitanna skulu gjörð eptir skýrslum þeim, sem nefndar eru í 13. gr.

51. gr.

101

Tvær reglulegar grenjaleitir skal gjöra á hverju vori, hina fyrri um fardagaleitið, en hina síðari um fráfarur. Ákveður melrakkastjóri leitarðagana nákvæmar í hvert skipti með samkomulagi við leitarforingja. Skal jafnan leita sama dag í öllum melrakkaleitum hreppsins, þegar því verður við komið, og eins skulu melrakkastjórar þeirra hreppa, er saman liggja, reyna að koma sjer saman um, að taka sömu dagana til leitanna hver í sínum hreppi. Þyki melrakka-stjóra nauðsyn til bera, skal hann ákveða aukaleit á þeim tíma og á því svæði, er hann álitur þurfa.

52. gr.

Hver leitarforingji skal aðvara alla þá búendur í tækan tíma, sem leggja eiga til leitarmenn með honum, og ákveður hann stund og stað, þar sem leitar-menn skulu koma saman. Skyldir eru allir sveitarmenn að bera boð um það efni sem þingboð. Mæti einhver leitarmanna ekki á ákveðnum stað og stundu, eða ef einhver sá, er mætir, er eigi hæfur til að vera í leitinni, — en hæfa leit-armenn ber að álíta þá, sem hæfir eru til fjallskila (sbr. 15. gr.), og svo eru búnir, sem með þarf, — eða ef hundar eru hafðir í grenjaleitum, varðar það sektum.

53. gr.

Hver leitarforingi skal vera sjálfur í grenjaleit með leitarmönnum sínum. Skal leita vandlega á öllum fornum grenjum í hverri melrakkaleit og athuga jafnframt sem nákvæmast, hvort þar sjeu ekki ný greni. Leitarforingi skal skipa fyrir um það, hvar og hvernig hver leitarmaður skuli ganga, og sjá um að þeir fylgi allir þeim reglum, sem hann setur. Þegar því verður við komið, skal mel-rakkaskytta vera í leitinni með skotfæri sín, til þess að leggjast þegar í stað við greni, ef það finnst með melrökkum í. Leitarforingi skipar fyrir um það, hver leitarmanna liggja skal við greni með skotmanni; en sje hann eigi í leit-inni, sendir leitarforingi, ef þörf gjörist, einn af leitarmönnum tafarlaust til hans, en setur annan til að gæta grenisins á meðan. Sjá skal leitarforingi um, að þeir, sem við greni liggja, sjeu svo útbúnir, að þeir geti legið þar í hverju vedri, sem er, svo lengi sem með þarf.

54. gr.

Skotmaður og aðstöðarmaður hans skulu með allri kostgæfni leitast við að drepa melrakka þá, er halda við grenið og beita til þess öllum þeim brögð-um, sem þeir eiga kost á. Eigi mega þeir yfirgefa greni, fyr en þeir annað-hvort hafa unnið það að fullu, eða að öðrum kosti legið við það 3 sólarhringa fulla, og gjört allt það, er í þeirra valdi stóð, til að vinna það. Hvolpunum skulu þeir leitast við að ná út úr greninu án þess að umróta því, en náist þeir eigi, skulu þeir þó reyna að drepa þá með eitri, eða með því að bræla þá inni í gren-inu, ef því verður við komið.

55. gr.

Jafnskjótt og skotmaður er heim kominn af greni, skal hann skýra melrakkastjóra brjeflega eða munnlega frá, hvað lengi hann hefir við grenið legið, hverja aðferð hann hefir þar viðhaft og hvað honum hefir orðið ágengt. Með skýrslu sinni skal hann láta fylgja skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er hann hefir unnið að því sinni til sannindamerkis. Vanræki skotmaður að gefa skýrslu þessa í tækan tíma, hefir hann fyrirgjört því endurgjaldi, er honum annars ber fyrir veru sína á greninu.

56. gr.

Skotmaður skal fá að launum fyrir hver 2 dægur, sem hann er frá heimili sínu, til að vinna greni, 5 álnir eptir meðalverði verðlagsskrár ár hvert og aðstoðarmaður hans 4 álnir, en sjálfir skulu þeir sjá sjer fyrir skotfærum, fæði og hverju öðru, er þeir með þurfa, til þess að liggja forsvaranlega við greni. Ef þeir eru leitarmenn og leggjast við greni, fá þeir engin laun fyrir þann tíma, sem á leitinni stendur. Auk daglauna fær skotmaður 3 krónur fyrir hvern fullorðinn melrakka, er hann vinnur við greni, og 25 aura fyrir hvern hvolp.

57. gr.

Jafnskjótt og hverri grenjaleit er lokið, og búið er að gjöra tilraun til að vinna greni þau, er fundizt hafa, skal leitarforingi senda melrakkastjóra skrifaða skýrslu um það, er gjörzt hefir í leit hans. Skal hann þar til greina hvern dag leitað var, hverjir í leitinni voru, hvort nokkurn leitarmanna vantaði, eða hvort nokkur þeirra var álitinn óhæfur, hvernig leitin fór fram, hvort nokkurt greni fannst með melrökkum í, hvort það var unnið að nokkru eða öllu leyti og af hverjum og hvað lengi legið var við það. Sendir leitarforingi með skýrslu sinni skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er unnizt hafa í leit hans og skal safna þeim saman, telja þau og síðan eyða á haustfundi hreppsnefndarinnar.

58. gr.

Finnist einhver greni með melrökkum í, áður en grenjaleit er gjörð, eða milli leita, eptir að grenjaleit er lokið, skal hann tafarlaust gjöra leitarforingja eða melrakkaveiðastjóra varan við. Skal þá jafnframt fá skotmann og aðstoðarmann með honum, til að vinna það greni, og fer um það eins og áður segir um greni, sem finnst í leit. Þeim, er þannig finnur greni utan grenjaleitar, má veita hæfilega þóknun, þyki hreppsnefndinni ástæða til þess.

59. gr.

Nú finnur einhver greni á þann hátt, sem um er rætt í næstu grein á undan og lætur ekki leitarforingja eða melrakkastjóra vita eða leggst sjálfur á grenið heimildarlaust og annaðhvort vinnur ekkert eða spillir greninu á einhvern hátt — þá verður hann sektaður eptir málavöxtum.

60. gr.

Nú leggst bitvargur á fje manna, annaðhvort í afrjettum eða heimalönd-

um á hverjum tíma árs sem er, og skal þá melrakkaveiðastjóri fá skotmann til að eyða þeim bitvargi fyrir sanngjarnt kaup, ef þess má auðið verða. Hreppsnefndin skal á fundi ákveða, hver verðlaun skal veita þeim, er þannig eyðir bitvargi. Á sama hátt skal hún og ákveða verðlaun fyrir veiði annara melrakka, sem drepnir eru í hreppnum annarsstaðar en við greni, og á þeim tíma árs, þegar melrakkinn er einskis virði. 101

61. gr.

Auk þess skal melrakkaveiðastjóri stuðla til þess, að reyndar sjeu á vetrum melrakkaveiðar með dýrabogum, refagildrum eða með því að halda uppi skotkofa, hvar legið sje í til að skjóta melrakka við útburð; einnig með því, að ala upp og venja hunda á að taka melrakka allt eptir því, sem hverjum tíma heyrir og bezt hagar á hverjum stað. Það, sem gjört er í hreppnum á þennan hátt, skal rita árlega í melrakkabókina og hvern árangur það hefir.

62. gr.

Hverjum sem sýnir afbragðsdugnað í melrakkaveiðum, eða kennir öðrum góða aðferð við þær, má hreppsnefndin veita verðlaun, eptir atvikum, og skal hún ennfremur, ef henni þykir sem slíkur maður eigi sjer fáa eða enga jafningja innansýslu við melrakkaveiðar, skýra sýslunefndinni sjerstaklega frá framkvæmdum hans, svo sýslunefndin geti gjört að álitum, hvort hún vill sýna slíku manni sjerstaklega viðurkenningu sína.

63. gr.

Melrakkaveiðastjóri hvers hrepps skal á hverju ári gangast fyrir því, að eitrad agn sje borið út fyrir melrakka, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem álizt að þurfa muni til að eyða melrökkum í hverju byggðarlagi. Skalfela þeim mönnum á hendur að búa agnið undir og bera það út, sem því verki eru vanastir og bezt er trúandi fyrir því. Til agns fyrir melrakka skal einkum hafa heila kindarskrokka með höfði og hári, einnig höfuð af kindum og feita hrossskrokka, og skal þá láta blóðið innan í skrokkinum með nægu eitri í. Allskonar fugla í heilu líki skal hafa fyrir agn, og sje eitrið látið innan í skrokkinum og hann saumaður saman, svo heill sýnist. Gott er að strá fuglaeggjum á víðavangi, sem eitru er látið í, og eins að bera þau inn í grenin fyrir hvolpa. Í víðlögum má og bera út belgi fyllta með eitri, innífla úr hrossum eða öðrum dýrum, og sje ullin látin vera kyr á belgnum. Eitrið skal jafnaðarlega vera smátt saxaðar refakökur, og er gott að blanda þar við öðru sterkara eitri, sem fæst í lyfjaúðum. Geta skal þess í melrakkabókinni, hvað unnið er á ári hverju að eitrun fyrir melrakka og hvern árangur það hefir.

64. gr.

Þar sem heimalönd eða atrjettir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, skulu melrakkastjórar þessara hreppa eiga fund með sjer, að minnsta kosti einu sinni á ári, til að ræða um og koma sjer niður á, hve mikinn útburð fyrir mel-

101 rakka skal viðhafa það ár, hvernig útburðinum skal haga og hvað víða niðursetja, og sömuleiðis um hverjar aðrar veiðibrellur, sem hugsanlegar þykja, eða fundið kann að verða upp á til að eyða melrökkum. Sýni melrakkaveiðastjóri eða einhver annar, sem trúað er fyrir melrakkaveiðinni óhlýðni eða hirðuleysi í þeirri grein, varðar það sektum eptir málavöxtum.

65. gr.

A hverju hausti skal hreppsnefndin semja reikning yfir allan þann kostnað, sem er áfallinn það ár fyrir grenjavinningar og aðrar melrakkaveiðar í hreppnum, einnig til verðlauna fyrir þær, og það, sem gengið hefir í kostnað við eitrun og útburð. Skal rita reikning þennan í melrakkabókina eins og allt annað, sem hreppsnefndin og melrakkstjóri gjöra og ráðstafa í þessu máli. Allan kostnað, sem leiðir af melrakkveiðinni, skal greiða úr sveitarsjóði hvers hrepps.

66. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til að gefa honum endurrit af melrakkabókinni, þegar hann krefst þess.

XIV. Kaffi.

Almenn ákvæði.

67. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar sektum frá 1—100 krónum eptir málavöxtum og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

68. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

69. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar 3. júní 1891.

Framanrituð reglugjörð, sem er samin af sýslunefndinni í Eyjafjarðarsýslu, var staðfest og löggilt samkvæmt lögum nr. 14. 22. marz 1890 af amtsráði Norðuramtsins á aðalfundi þess 11—12. þ. m., og skal hún öðlast gildi 1. dag septembermán. 1897.

Íslands Norðuramt, Akureyri 19. júní 1897.

Páll Briem.